



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 20. nóvember 2013
1311017 IE

Efni: Umsögn um 71. mál, þált. um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra.


Með tölvubréfi dags. 7. nóvember 2013 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldrar, 71. mál, þskj. 71, lþ. 143.

Jafnréttisstofa tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni um nauðsyn þess að skrá umgengnisforeldra í opinberum skráningarkerfur, t.d. hjá Þúðskrá. Umgengnisforeldrar eru ekki sýnilegir í opinberum gögnum og úr því þarf að bæta. Þetta eru foreldrar sem börn eru ekki með skráða búsetu hjá. Þó getur það verið að í mörgum tilvikum búi börn í raun hjá þessum foreldrum og það er ekki í samræmi við raunverulega stöðu að skrá umgengnisforeldra sem barnlaust fólk. Umgengnisforeldrar eru flestir karlar, sbr. upplýsingar sem til eru um meðlagsgreiðendur. Þessir foreldrar eru nánast ósýnilegir í opinberum gögnum og því t.d. er erfitt að rannsaka fjárhagsstöðu hópsins. Einstæðir foreldrara koma hins vegar fram í opinberum gögnum, þ.e. foreldri sem barn er með skráð lögheimili hjá og hægt er að taka stöðu þess hóps með í reikninginn í ákvarðanatöku og stefnumörkun í fjölskyldumálum, sbr. greinargerði með þált. Það eru því ríkir hagsmunir umgengnisforeldra að hægt sé að greina raunverulega stöðu þeirra þegar ýmsar ákvarðanir eru teknar í samfélaginu.

Jafnréttisstofa tekur undir þingsályktunartillöguna og vonar að hún verði samþykkt.

Sé óskað frekari upplýsinga eða skýringa þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur